

# Ljósanótt

FIMMTUDAGUR 1. SEPTEMBER 2011



Fögnum þótt daginn styttri  
Árni Sigfússon hvetur alla til að taka þátt í hátíðahöldum Ljósanætur og ekki síst árgangagöngunni.

BLS 4

FRÉTTABLAÐIÐ







## Áskorun!!

Á fjölskylduhátíðinni okkar Ljósanótt kennir margra grasa eins og dagskráin sem hér er kynnt sýnir. Eins og á svo mörgum bæjarhátíðum landsins sýna íbúar og gestir sínar bestu hliðar. Hér fögnum við því að þótt daginn styttri, lýsir mannlífið. Tónlist, íþróttir, myndlist, hönnun, saga, skemmtiefni, góður matur og frábærar uppákomur einkenna hátíðina okkar. Ein slík er kl. 10.30 á fimmtudeginum. Þá er setning Ljósanætur með táknrænum hætti þar sem þúsundir grunn- og leikskólabarna sleppa mislitum blöðrum til himins. Önnur slík er „Árgangagangan“. Þá flæðir saga lífsins eftir Lífæðinni okkar niður Hafnargötu, vonandi með þátttöku þinni. Gangan fer af stað kl.13.30 á laugardaginn. Nokkru fyrr hafa allir safnast saman við hvert húsúmer við Hafnargötu, sem ber seinni hlutann í fæðingarári hvers og eins. Ég mæti því samviskusamlega við Hafnargötu 56 og hitti þar ungt og skemmtilegt fólk, fullt af orku, reynslu og lífsgleði. Svo hefst gangan. Fyrst af þeim sem hafa yngstu árgangstöluna, efst á Hafnargötunni, unglingar, þá nýorðnir foreldrar með barnavagna, svo afar og ömmur. Þannig má lesa augljós einkenni út úr hverjum árgangi. Ég sé eiginkonuna ganga framhjá í sínum ungmennahópi, stuttu áður en minn hópur fær að arka af stað. Á leiðinni eltir maður því ungviðið en gengur fram á stöðugt eldri árganga. Nú ætluum við í árgangi 56 að sýna fram á að hann er sá stærsti og líkamlega virkasti... miðað við aldur. Það sýnum við með því að allir Íslendingar sem fæddir eru 1956 eru hvattir til að mæta við Hafnargötu 56 í Reykjanesbæ. Á göngunni lyftum við hnjúnum hátt og sýnum þennan einstaka árgang – í öllum gangtegundum. Hér með skora ég á aðra árganga að hvetja alla vini og kunningja í sínum árgangi, hvaðanæva að af landinu, að mæta – notið fésbókina og símanni, allt er leyfilegt. Svo skulum við mæla hvaða árgangur er raunverulega mest lifandi og virkur! Tekið skal fram að sá sem mætir úr árgangi 1935 og neðar hefur tvöfalt vægi! Verið öll innilega velkomin á Ljósanótt!

Árni Sigfússon, bæjarstjóri



# Dúkka í Listasafninu

Valgerður Guðlaugsdóttir heldur sína níundu einkasýningu á Ljósanótt. Hún einbeitt sér að reynsluheimi konunnar í nútíma þjóðfélagi.

Sýning Valgerðar Guðlaugsdóttur „Dúkka“ verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar fimmtudaginn 1. september klukkan 18.00 og er liður í Ljósanæturhátíðinni. Valgerður hefur búið í Reykjanesbæ um skeið og er þetta hennar níunda einkasýning. Hún hefur á undanförunum árum einbeitt sér að reynsluheimi konunnar í nútíma þjóðfélagi. Verk Valgerðar varpa fram áleitnum spurningum um mannseðlið, hlutskipti kynjanna og einnig samskipti þeirra.

Valgerður lítur á sig sem popfeminista. Í list sinni notar hún tilbúna hluti úr afþreyingariðnaðinum og blandar þeim saman við hluti úr sínum eigin hugmyndaheimi. Á þessari sýningu veltir hún fyrir sér kvenímyndinni, hvernig konan reynir að uppfylla þá ímynd sem gefin er af henni í samfélaginu og hvernig hún fellir sig inn í munstrið sem henni er gefið en einnig hvernig hún getur verið sinn eigin skapari. Dóra segir enn fremur í sýningarskrá að litlar stelpur byrji að þjálfa sig í kvenleiknum frá unga aldri. Kvenleikurinn sem er eins konar grímuleikur miðast að því að taka upp ákveðið viðurkennt kynhlutverk með tilheyrandi látbragði og klæðaburði og þóknast þannig ráðandi hugmyndafræðilegum



Sýningin Dúkka verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar í dag.

öflum feðraveldisins sem gegnsýra menninguna.

Sýningin er í sýningarsal Listasafns Reykjanesbæjar í Duushús-

um og stendur til 16. október. Þar er opið virka daga frá kl. 12-17 og um helgar frá kl. 13-17 og aðgangur er ókeypis.

Útgefandi: Reykjanesbær | Heimilisfang: Tjarnargata 12 | Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Þorsteinsdóttir | Vefsíða: www.reykjanesbaer.is www.ljosanott.is | Sími: 421 6700



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á [visir.is/dreifing](http://visir.is/dreifing)



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft



Söngvarar af Suðurnesjum flytja lög Hljóma, Villa Vill, Flowers og Trúbrots.

## Tíðarandi 1950 til 1970

Venju samkvæmt býður Tónlistarfélag Reykjanesbæjar upp á glæsilega hátíðartónleika í tilefni af Ljósaári. Þetta árið hafa þeir hlotið nafnið Með blik í auga, og eru tímaferðalag aftur til árána 1950 til 1970 í tónum, máli og myndum. Við förum í tímaflakk aftur til árána þegar Hafnargatan var ómalbikuð og breyttist í stórfljót í rigningum. Þegar kaupmenn versluðu á öllum hornum og Kaupfélagið var stórveldi. Bærinn ilmaði fyrst og fremst af fiski og herinn nýbúinn að koma sér fyrir á Háaleitinu. Hallbjörg Bjarnadóttir, Ellý Vilhjálm, Haukur Mortens og Raggi Bjarna hljómuðu í óskalagapáttum sjúklinga og sjómanna. Það verður einmitt boðið upp á tónlist þessara listamanna auk Hljóma, Villa Vill, Flowers

og Trúbrots í Andrews Theater á Ásbrú í Reykjanesbæ, sunnudaginn 4. september kl. 16 og aftur kl. 20.

Það eru frábærir söngvarar af Suðurnesjum sem stíga á svið, Valdimar Guðmundsson, Fríða Dís Guðmundsdóttir, Bríet Sunna Valdemarsdóttir, Jana María Guðmundsdóttir, Guðmundur Hermannsson, Birna Rúnarsdóttir, Sveinn Sveinsson og fleiri. Það er fjórtán manna hljómsveit sem leikur undir. Arnór B. Vilbergsson stjórnar hljómsveitinni og útsetur tónlistina í upprunalegum anda og Kristján Jóhannsson skrifar handrit og kynnir viðburðinn. Miðasala er á [midi.is](http://midi.is) en einnig verður hægt að nálgast miða á heimaslóð í forsölu sem nánar verður auglýst síðar.

### STEMNING Á STÓRA SVIÐINU TVÖ KVÖLD Í RÖÐ

Óhætt er að lofa góðri stemningu á stóra sviðinu bæði föstudags- og laugardagskvöld á Ljósanótt. Fjöldi flottra tónlistarmanna mun halda okkur glæsilega tónlistarveislu, bæði gestir og heimamenn, og enginn vafi á að tónlistarþæringin mun standa undir nafni. Þeir sem fram koma á föstudeginum eru Lifun, Hellvar, Who Knew, Of Monsters and Men og Blaz Roca og á laugardeginum Friðrik Dór, Magnús og Jóhann, Baggalútur, Helgi Björns og Reiðmenn vindanna og síðast en ekki síst hljómsveitin Valdimar sem mun ljúka kvöldinu eftir glæsilega flugeldasýningu.



Tónlistarþæringin stendur undir nafni.

Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



# Viltu eiga sviðið

... eða leigja það?



## Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m<sup>2</sup>. Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



## Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m<sup>2</sup> kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m<sup>2</sup> aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



## Banki

Húsnæðið er 292 m<sup>2</sup> og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



## Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m<sup>2</sup>. Húsið er ákaflega rammbýggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða ápreifanleg.




Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.

Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á [www.asbru.is/fasteignir](http://www.asbru.is/fasteignir).



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



● **ÞRUMUGUÐINN ÞÓR ER MÆTTUR Í BÆINN**

Góður gestur er kominn til Reykjanesbæjar í til efni Ljósanætur. Er þar um að ræða þrumuguðinn Þór, sem ekið hefur vagni sínum um himinhvolfin í árbúsund en hefur nú tyllt sér niður á annan topp litla fjallsins í Innri-Njarðvík, skammt frá Víkingaheimum. Fer einmitt vel á því að hann hafi valið sér þennan stað því erlendir ferðamenn spyrja gjarnan hvort hæðin sé e.t.v. forn víkingagrafreitur. Listamaðurinn Haukur Halldórsson lánaði verkið til Reykjanesbæjar og er það úr ryðfrú, spegilsléttu stáli sem tekur til sín öll litbrigði veðrahvolfanna. Ekki er vitað hversu lengi Þór mun staldra við og eru landsmenn því hvattir til að heilsa upp á hann á meðan tími vinnst til.



● **SETNING LJÓSANÆTUR** Fimmtudaginn 1. september kl. 10.30 verður Ljósanótt sett í tólfta sinn. Setningin fer fram með þeim hætti að öll grunnskólabörn bæjarins og elstu árgangar leikskólans, rúmlega 2.000 börn, koma syngjandi í skrúðgöngum, hver hópur frá sínum skóla og hver hópur merktur sínum lit. Litirnir eru ekki aðeins tilkomnir sem litir skólanna heldur eiga þessir mismunandi litir einnig að minna okkur á fjölbreytileika mannkyns og að allir eru vinir þrátt fyrir ólíkan bakgrunn. Þetta er holl áminning í byrjun skóla og þegar börnin sleppa rúmlega 2.000 litskrúðugum blöðrum í lok dagskrár fagna þau ekki aðeins Ljósanótt heldur líka skólabyrjun.

● **VÍKINGAHEIMAR**

Víkingaheimar verða opnir Ljósanæturhelgina frá kl. 12.00-18.00 og tilboð tveir fyrir einn. Þar er margt að sjá fyrir utan skipið sjálft, Ís-lending. Við fornleifagröft í Höfnum fannst skáli frá landnámsöld. Þarna fannst brot úr brýni og af járnhring, viðarkol, soðsteinar og perlur sem sjá má á sýningunni í Víkingaheimum. Ef þú hefur náð 120 cm hæð og ert í fylgd með fullorðnum máttu stíga um borð í víkingaskipið og upplifa ferð Leifs heppna til Vesturheims. Börnunum er boðið að fara í víkingaföt og fræðast um siglingatækni og ferðir víkinganna á landnámstímum. Á föstudagskvöldinu verður mikið um dýrðir þegar uppákomna „Klikkaður kærleikur“ fer í gang.



● **KOMDU Í ORKUVERIÐ JÖRÐ**

Viltu finna stóra og litla jarðskjálfta undir fótum þér? Stígðu þá á tækið. Viltu snúa hjóli og búa til rafmagn, viltu skoða pláneturnar, viltu sjá hvernig jarðgufuvirkjun lítur út? Sýningin er í Jarðvarmavirkjuninni á Reykjanesi og hefst á Stóra hveli og upphafi sólkerfisins. Opið alla helgina frá kl. 12.30-16.



**Ljósanótt**  
— Reykjanesbær 2011

- HÁTIÐARSVÆÐI**
- 1 Stóra svið við Ægisdötu
  - 2 Duushús, menningar- og listamiðstöð
  - 3 Listatorg- Svarta Pakkhúsið
  - 4 Suðusúðvestur
  - 5 Keflavíkurtún (fyrir framan Duushús)
  - 6 Týnd börn og óskilamunir, Hafnargötu 8
  - 7 Öryggismiðstöðin Hafnargötu 8
  - 8 Skrúðgarður
  - 9 Skessuhellir
  - 10 Nesvellir

- BÍLASTÆÐI**
- 11 Njarðvíkurvöllur
  - 12 Við Ægisdötu, neðan við Hafnargötu
  - 13 Við Bakkaveg vestan smábátahafnar
  - 14 Við Vesturbraut, Frumleikhúsið og Vesturberg
  - 15 Við Sparisjóðinn og bæjarskrifstofur
  - 16 Heiðarskóli
  - 17 Hólmgarður
  - 18 Vatnaveröld - sundmiðstöð
  - 19 Holtaskóli, Íþróttahús
  - 20 Fjölbrotaskólinn

Á því svæði sem er skyggt verða miklar umferðar-takmarkanir frá kl. 09:00 til 24:00. Hundar verða ekki leyfdir á hátíðarsvæði.  
Upplýsingasíma Ljósanótt 891 9101.



Klæðnaður frá Spiral hönnun verður sýndur í Víkingaheimum á viðburðinum Klikkaður kærleik.

**Klikkaður kærleikur**

Viðburðurinn Klikkaður kærleikur verður í Víkingaheimum á föstudagskvöldinu 2. september og hefst kl. 21.00. Þetta er öðruvísi sýning þar sem teft verður saman tónlist, leiklist, myndlist og hönnun og ekki spurning að gestir eiga eftir að njóta uppákomunnar. Meðal þeirra sem fram koma eru Deep Jimi and the

Zep Creams, Kvinnakór Suðurnesja, Leikfélag Keflavíkur, listakonan Lína Rut og Spiral hönnun. Enginn aðgangseyrir verður inn í Víkingaheimum þetta kvöld en ýmislegt verður þar samt á seyði og allur afrakstur kvöldsins mun renna í sjóð sem stofnaður hefur verið til styrktar veikum og fötlum börnum.

● **LISTEFLI Á LJÓSANÓTT**

Þetta skemmtilega verkefni, sem unnið er undir merkjum Energi og trú hjá Keflavíkirkirkju, fólst í því að reyna að skapa eitthvað nýtt og spennandi með ólíkum hópum fólks, annars vegar áhuga-fólki og hins vegar þekktu tónlistarfólki. Auglýst var eftir ungu fólki í bæjarfélaginu sem hefur nú lagt nótt við dag við að skapa eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður. Tónlistarfólkið Valdimar Guðmundsson og Þorvaldur Halldórsson úr Hljómsveitinni Valdimar, Jana María söng- og leikkona, Arnór organisti og fleiri hafa unnið með unga fólkinu undir stjórn Sigrúnar Sævarsdóttur Griffiths. Frumflutningurinn verður á stóra sviðinu við Ægisdötu laugardaginn 3. september kl. 16.



Söng- og leikkonan Jana María er ein þeirra sem koma fram undir merkjum Listeflis.

● **TÓNLEIKAR UNGA FÓLKSINS - FJÖR Í FRUMLEIKHÚSINU**

Í tengslum við Ljósanótt hafa í mörg ár verið haldnir sérstakir tónleikar fyrir yngri kynslóðina í Frumleikhúsinu. Þarna hefur gefist tækifæri fyrir nýjar hljómsveitir að reyna sig og margir af okkar bestu tónlistarmönnum stígu sín fyrstu spor við þetta tækifæri. Menningarhúsið ungs fólks í Reykjanesbæ, 88 húsíð, stendur að tónleikunum og að venju kemur fjöldi hljómsveita fram, nöfn þeirra má sjá á vefnum ljosanott.is. Tónleikarnir eru að sjálfsgöðu vímuefnalausir og eru fimmtudagskvöldið 1. september og hefjast kl. 20.



Nýjar hljómsveitir fá tækifæri til að spreyta sig.

## VIÐ ERU ALLTAF ÓDÝRARI OG NÚ ER ALVÖRU ÚTSALA 20 - 65% afsláttur af öllu í 4 daga

### OPNUNARTÍMAR ÚTSÖLUNNAR

FIMMTUDAG 9 - 18

FÖSTUDAG 9 - 19

LAUGARDAG 9 - 17

SUNNUDAG 10 - 16

FLUGUSTANGIR - 5.000 KR.

SJÓSTANGIR STUTTAR - 2.900 KR.

ÖNDUNARVÖÐLUR XL-XXL - 9.700 KR.

ALLAR ÖNDUNARVÖÐLUR 25% - 65% AFSL.

ALLIR VÖÐLUJAKKAR - 25% AFSL.

FLEST ALLIR SPÚNAR - 275 KR.

ALLAR KASTSTANGIR - 20 - 35% AFSL.

POLAROID GLERAUGU - 45% AFSL.

ALLAR SILUNGAFLUGUR - 150 KR.

ALLAR LAXAFLUGUR - 275 KR.

ALLAR TÚPUR - 350 KR.

KLOFSTÍGVEL - 5.000 KR.

RAFMAGNSMÓTOR 48 LIBS -

44.950 KR. NÚ 29.900 KR.

SLÖNGUBÁTAR 320cm OG

290cm - ÁÐUR 279 ÞÚS.

NÚ AÐEINS 199 ÞÚS.

OG MARGT FLEYRA SPENNANDI

Á VERÐI SEM ÞÚ SÉRÐ HVERGI

ANNARSTAÐAR



### ● BÍLA- OG BIFHJÓLA-SÝNING

Bílalest ásamt bifhjólum leggur af stað niður Hafnargötuna kl. 15 á laugardeginum. Lestin endar för sína við Duushús og verða ökutæk-in til sýnis á Keflavíkurtúni. Þátt-takendur í lestinni eru m.a. frá bifhjólaklúbbnum Örnur, Bifhjólaklúbbi Suðurnesja, forn-bíla-klúbbi Íslands, Jeppaklúbbnum 4X4 og Krúser félagi áhuga-manna um akstur og bíla.



### ● REYKJANESMARAPON

Einn af árlegum viðburðum á Ljósanótt er Reykjanes-mara-pon Lífstíls. Keppt er í eftir-töldum vegalengdum, 3,5 km, 10 km og 21 km. Tímamæling með flögu verður notuð í 10 og 21 km vegalengdum en ekki í skemmtiskokkinu. Rásmark og endamark verða við Vatnaveröld í Keflavík. Forskráning er á vefnum hlaup.is og lýkur henni á föstudeginum fyrir hlaupið, þar má einnig sjá nánari upplýsing- ar um hlaupið.



### ● ÓKEYPIS KJÖTSÚPA

Það er víðar en á Dalvík sem gestum er boðið í súpu! Fyrirtækið Skólamatúr hefur í mörg ár boðið gestum Ljósanæt-ur í heita kjötsúpu á tónleik-unum við stóra sviðið á föstu-dagskvöldinu. Súpan er að sjálf-sögðu ókeypis og mun ylja gestum í kvöldhúminu.

### ● WWW.LJOSANOTT.IS

Á vefsíðunni ljosanott.is má fá allar upplýsingar um hátíðina. Bæði má skoða dagskrá í heild og einstaka dagskrárlíði. Þar eru birtar fréttir og skoða má myndir sem teknar hafa verið á hátíðinni í gegnum tíðina.

### ● SKESSAN Í HELLINUM

#### BÝÐUR Í LUMMUR

Í tilefni Ljósanætur mun Skessan í hellinum bjóða börnum í lummur á laugardaginn frá kl. 15-17 og verður vinkona hennar, tröllastelpa Fjöla, henni til aðstoðar. Skessan er í fullri skessustærð og situr sofandi í ruggustól í eldhúsinu. Þetta er sama skessan og er í bókunum hennar Herdísar Egilsdóttur, Sigga og skessan í Fjallinu. Gestir geta skoðað hellinn hennar og rúmið hennar og séð hana í eldhúsinu. Skessan óskar einnig eftir bréfum og teikningum frá börnum og hægt er að vera í sambandi við hana á vefnum skessan.is.



### ● TÓNLIST OG SÝNINGAR Í DUUSHÚSUM

Í Duushúsum við Smábátahöfnina í Keflavík verða fjórar ólíkar sýningar um Ljósanætur-helgina auk fjölda tónleika. Í bátasalnum má sjá yfir 100 fiskibátalíkon eftir Grím Karlsson, í öðrum er sýning um líf og áhrif Kanans á „Vellinum“ í þeim þriðja er listsýningin Dúkka og í þeim fjórða grafíksýningin Óvættir og aðrar vættir. Þeir sem koma fram á tónleikum þessa helgi eru m.a. Karla-kór Keflavíkur, Kvenna-kór Suðurnesja, Söngsveit Suðurnesja, Söngsveitin Víkingarnir og Félag harm-oníkkunnenda á Suðurnesjum.



**Skemmtilegri í 25 ár**

*Lattu okkur skemmta þér í 56 tíma á dag!*

25 ára afmælisveisla Stöðvar 2 heldur áfram í allan vetur með glæsilegri dagskrá þar sem allir finna eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi: Metnaðarfullt innlent efni, vinsælustu erlendu þættina og vandað talsett barnaefni auk meira en 200 úrvalsmynda á Stöð 2 Bío í hverjum mánuði. Og í september byrjar fjöldi nýrra þátta; ekki síst Spaugstofan og X-Factor með Simon Cowell o.fl. o.fl.

**Þú færð meira**  
 Já þú færð svo sannarlega meira fyrir peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, þú valið úr um 56 klukkustundum\* af frábæru sjónvarps efni á hverjum einasta sólarhring!  
**Og Vildartilboð til áskrifenda geta sparað meira en greitt er í áskrift.**

**Boðgreiðslutilboð VISA**  
 Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkortu færðu allt að 30% afslátt.  
 10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.  
 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja fritt með fyrsta mánuðinn.  
 Gildir til 3. október.

**ÞAD ER ÖDYRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR **BÍO** **BÍO** **EXTRA** **EXTRA** AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000